

Skýrsla stjórnarformanns OR til aðalfundar 2010

Árið 2009 var tvöfalt afmælisár hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Í ársbyrjun var réttur áratugur frá því fyrirtækið hóf starfsemi og um mitt ár var rétt öld frá því Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa. Eftir öran vöxt öll þau tíu ár, sem liðin eru frá því veitufyrirtækin voru sameinuð undir merkjum OR, var á árinu 2009 gripið til harkalegra aðhaldsaðgerða í takti við samdrátt í efnahagslífi landsins og fjármálahrun, sem hafði slæm áhrif á efnahag Orkuveitu Reykjavíkur. Það er táknrænt fyrir þennan samdrátt að á árinu 2009 varð í fyrsta skipti frá því í kreppunni miklu á fyrri hluta síðustu aldar samdráttur í dreifingu rafmagns á höfuðborgarsvæðinu og í fyrsta skipti í mörg ár var ekki tekinn stór framleiðsluáfangi í notkun hjá OR.

Ýmsar ytri aðstæður reyndust óhagfelldar á árinu. Gengi krónunnar seig um 7,6% og hafði það afgerandi áhrif á efnahag fyrirtækisins. Eftir hið mikla högg hrunsins, sem að mestu kom fram í uppgjöri ársins 2008, tókst ekki að snúa taprekstri í hagnað fyrr en á síðasta ársfjórðungi 2009. Þá fór íslenska krónan að verða stöðugri auk þess sem hækkandi álverð og lækkandi evra gagnvart öðrum erlendum gjaldmiðlum voru OR hagfelld. Í heild varð rekstrarniðurstaðan neikvæð um 2,5 milljarða króna.

Orkuveita Reykjavíkur hefur fjármagnað framkvæmdir fyrirtækisins að langmestu leyti með hagstæðum lánum frá erlendum stofnanabönkum. Gengishrun krónunnar hafði því mjög neikvæð áhrif á eiginfjárlutfall fyrirtækisins. Fram eftir árinu 2009 var enn lokað fyrir afgreiðslu á áður umsömdum erlendum lánum og var því leitað innlendrar skammtímafjármögnunar á yfirstandandi framkvæmdum. Áhrifa þessa á sjóðstreymi OR gætti þegar í stað í formi aukinna vaxtagjalda og voru þau hartnær einum og hálfum milljarði hærri á árinu 2009 en 2008. Á haustdögum tókst þó að ganga frá áður umsömdum lánasamningum við Evrópska fjárfestingabankann og létti það mjög á fjárförf fyrirtækisins. Það var jafnframt fyrsta erlenda lánið sem afgreitt var til fyrirtækis á Íslandi frá hrúni bankanna. Þá var ráðist í 10 milljarða skuldabréfaútboð á innlendum markaði þar sem aðallega var leitað til lífeyrissjóða. Útboðið skilaði ekki þeim árangri, sem að var stefnt. Um fimm milljarðar fengust með útboðinu og olli afstaða einstakra lífeyrissjóða til útboðsins vonbrigðum. Kom það á óvart að þeir aðilar vinnumarkaðarins, sem tilteknum sjóðum ráða, skyldu ekki sjá ástæðu til að koma að fjármögnun þeirra mannaflsfreku framkvæmda sem standa yfir og fjármagnið var ætlað til.

Vegna takmarkaðra aðgengis að framkvæmdafé var einnig til þess gripið á árinu 2009 að breyta fjárfestingaáætlunum í þá veru að lengja framkvæmdatíma umfangsmestu verkefna og fresta öðrum. Í sumum tilvikum tókst að semja við verktaka um slíka tilhögun. Um aðra verksamninga er enn ágreiningur.

Þá var ráðist í umfangsmikið sparnaðarverkefni á árinu 2009. Verkefnið átti sér skilgreint umfang, tímamörk og markmið og var unnið í sameiningu af stjórnendum og starfsfólki. Árangur þess varð verulegur og mun rekstur OR njóta þess að verulegu leyti til langframa. Þannig varð 319 milljóna króna sparnaður af verkefninu á árinu 2009 og gert er ráð fyrir að kostnaðarlækkun vegna verkefnisins nemi um 400 milljónum árið 2010. Einnig var gripið til almennra launaskerðinga starfsfólks á árinu. Það var gert með því móti að laun yfir 300 þúsund krónum á mánuði voru skert og var skerðingin hlutfallslega meiri eftir því sem launin voru hærrí. Þá var ekki ráðið í stað starfsfólks sem lét af störfum. Almenn sátt náðist um aðgerðirnar. Útgjaldalækkun OR vegna þessa og þess að verulega dró úr yfirvinnu eftir hrun, nam 530 milljónum króna árið 2009.

Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnendur fyrirtækisins eiga heiður skilinn fyrir frammistöðu sína undir þeirri ágjöf sem rekstur fyrirtækisins var í. Það stóð vörð um þjónustuna, lagði sitt af mörkum í sparnaði á öllum sviðum rekstursins og vann af heilindum að því að reksturinn nyti hagræðingarinnar varanlega. Rekstrartölur það sem af er ári 2010 sýna að varanlegur árangur aðhaldsaðgerðanna er mikill og raunverulegur. Viðsnúningurinn hefur orðið. Hér hefur verið gripið til róttækra aðgerða síðustu misserin. Fyrirtækið er því að rétta úr kútnum eftir áfallið haustið 2008 og óska ég verðandi stjórn velgengni í að fylgja viðsnúningnum eftir. Í ljósi þeirra snörpu aðgerða sem að mörgu leyti hafa gert dagleg störf fjölda starfsfólks meira krefjandi og dregið úr umbun fyrir þau, mætti ef til vill ætla að dregið hefði úr ánægju starfsfólks OR. Sú er ekki raunin. Starfsfólk var ánægðara í starfi hjá OR á árinu 2009 en á árinu 2007 samkvæmt samræmdum mælingum. Það er að mínu mati ánægjulegasta niðurstaða ársins 2009 ásamt setningu heildarstefnu fyrir félagið.

Sú staða sem ný stjórn tekur við er því sú að hér hafa allir þegar einhent sér í að finna leiðir til að leysa verkefni sín með minni tilkostnaði en áður og orðið verulega ágengt. Þar sem boðuð hefur verið ný rekstrarúttekt á Orkuveitu Reykjavíkur – til viðbótar við þá ýtarlegu stjórnsýsluúttekt á rekstrinum, sem gerð var fyrir tveimur árum – leyfi ég mér að leggja til að

í henni verði sérstaklega hugað að sparnaðinum og hvort hann hefur bitnað of harkalega á sumum sviðum í rekstri Orkuveitunnar.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur átt gott samstarf við innri endurskoðanda fyrirtækisins á liðnu starfsári og hafa úttektir þessa starfsmanns stjórnarinnar skilað árangri. Á árinu 2009 komu upp tvö mál í kjölfar skyndiúttekta sem vörðudu brot starfsmanna á reglum. Í öðru tilvikinu var um hreint fjársvikamál að ræða sem er til meðferðar hjá yfirvöldum. Skoðun innri endurskoðanda á innviðum OR hafa líka skilað sér í umbótaverkefnum. Má þar nefna úttekt hans á nýjum virkjunum og Reykjavík Energy Invest. Umfangsmest var þó sú skýrsla sem lögð var fyrir stjórn fyrir á þessu ári um lánastýringu. Hafa ábendingar í skýrslunni nýst og því sambandi má einnig nefna að teknir hafa verið upp reglulegir samráðsfundir með fjármálastjóra Reykjavíkurborgar. Rétt er á þessum vettvangi að þakka Guðmundi I. Bergþórssyni innri endurskoðanda fyrir góð störf fyrir stjórn á liðnu starfsári.

Undir lok árs 2009 samþykkti stjórn OR nýja heildarstefnu fyrir fyrirtækið. Um árabíl hafði af hálfu eigenda staðið til að ráðast í slíka stefnumótun en ekki orðið úr. Í ljósi þess að á síðasta áratug hefur á vettvangi stjórnmalanna ítrekað kastast í kekki um málefni OR, er mikilvægt að hin nýja stefna var samþykkt einróma af stjórnarmönnum OR. Samhliða stefnumótunarvinnunni vann stjórn OR að endurskoðun starfsreglna sinna en hvort tveggja verkefnið á rætur í samþykkt eigendafundar OR í febrúar 2008. Drög að breyttum starfsreglum voru lagðar fyrir stjórn í maí 2010 og samkvæmt ósk stjórnar OR var hafin vinna við eigendastefnu fyrir fyrirtækið.

Heildarstefnan er byggð á sjálfbærum rekstri fyrirtækisins m.t.t. umhverfisáhrifa, hlutverks hans í þeim samfélögum sem hann þjónar og rekstrinum eru í fyrsta sinn sett skýr fjárhagsleg markmið af hálfu stjórnar. Þá er kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur skilgreind svo:

Orkuveita Reykjavíkur framleiðir, dreifir og selur heitt vatn og kalt, rafmagn og annast uppbyggingu og rekstur fráveitu og gagnaveitu. Orkuveita Reykjavíkur selur einnig ráðgjöf á orkusviði.

Orkuveita Reykjavíkur stóð vel undir þessum skyldum sínum á árinu 2009. Þjónustan var áreiðanleg og traust. Lítið var um bilanir sem skertu afhendingu á orku eða vatni. Gæðavísar OR sýna að afhendingaröryggi á árinu 2009 var með allra mesta móti. Aðhaldsaðgerðir í

rekstri komu einnig niður á viðhaldsverkefnum í dreifikerfum og víst er að þar er einungis um frestun útgjalda að ræða ef tryggja á núverandi þjónustustig.

Þar sem rekstri OR voru í fyrsta sinn sett tiltekin arðsemismarkmið í heildarstefnu stjórnar, komu gjaldskrár fyrirtækisins eðlilega til skoðunar í framhaldinu. Arðsemismarkmiðin eru einn þeirra þátta, sem áhrif hafa á gjaldskrá. Þau eru útgjaldamegin í jöfnunni ásamt kostnaði við rekstur, viðhald og fjárfestingu. Gengispróun hefur ekki verið hagfelld fyrir viðhaldskostnað, þar sem verð á innfluttu efni í dreifikerfi og fleira hefur hækkað í takti við veikingu krónunnar. Fjármagnskostnaður er enn tiltölulega lágur en fjármögnunin er að mestu í erlendri mynt og þar kemur hrun krónunnar því einnig við sögu. Gera verður ráð fyrir að erlendir vextir hækki á næstu misserum og óvíst er hvort íslenska krónan styrkist mikið til að vega þar upp á móti.

Þá má ekki líta framhjá því að nú um mundir liggja miklar fjárfestingar í innviðum nýbyggingarhverfa, víðsvegar um veitusvæði OR. Samkeppni sveitarfélaga um íbúa hefur kallað á offjárfestingu sem hjá OR nemur um 3 milljörðum króna, sem óvíst er hvenær fara að skila tekjum.

Við hrunið haustið 2008 var Orkuveita Reykjavíkur í miðju framkvæmdaferli við nýjar virkjanir á Hengilssvæðinu og hafði gert ýmsa samninga við verktaka og birgja. Lánsloforð um fjármagn til framkvæmda lá fyrir að hluta og fyrirheit verið gefin um afganginn. Auk þess höfðu verið gerðir samningar um sölu á orkunni með fyrirvörum, sem menn töldu þá að auðvelt yrði að ryðja úr vegi. Allt breyttist þetta við hrunið og er OR enn að vinna að því að greiða úr þeim snúnu málum sem hrunið hafði í för með sér. Til dæmis er hluta af fjármögnun framkvæmdanna enn ólokið, ágreiningur er um framkvæmd einstakra verksamninga og flókin staða hvað varðar orkusölu.

Virkjanaframkvæmdir á Hengilssvæðinu héldu áfram á árinu 2009. Unnið var að stækkun Hellisheiðarvirkjunar og voru veigamestu verkefni þar uppbygging hitaveitu, hönnun og smíði nýs stöðvarhúss og hreinsun jarðhitagass úr gufunni frá virkjuninni. Áfram var unnið að undirbúningi Hverahlíðarvirkjunar ásamt umhverfismati vegna hugsanlegrar nýtingar jarðhita við Gráuhnúka. Lagning Hellisheiðaræðar tafðist eftir að sá verktaki, sem unnið hafði að verkinu, sagði sig frá því og varð síðar gjaldþrota. Fenginn var nýr verktaki, sá sem næstlægst hafði boðið í verkið, og er útlit fyrir að verkið klárast á tilsettum tíma án verulegs tjóns fyrir

OR. Á árinu voru boraðar sex háhitaholur og fjórar niðurrennslisholur. Þrjár háhitaholur voru boraðar við Hverahlíð, ein við Gráuhnúka og ein á Hellisheiði. Allar niðurrennslisholurnar voru boraðar við Hellisheiðarvirkjun.

Samhliða virkjanaframkvæmdum var unnið að umhverfisbótum á athafnasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Merkar niðurstöður fengust úr tilraunum með endurheimt staðargróðurs á röskuðum svæðum og tilraun til endurheimtar landslags lofar góðu. Hún felst í endurbyggingu Gígahnúks, sem unninn var verulegur skaði á með efnistöku til vegagerðar upp úr miðri 20. öld. Hvað aðrar mótvægisáðgerðir varðar gekk misvel. Tafir urðu á gangsetningu tilraunastöðvar til hreinsunar jarðhitagass úr útblæstri og niðurrennslisveita virkjunarinnar var afkastaminni en vænst var. Áfram er unnið að verkefnum. Á árinu 2009 fengust niðurstöður úr rannsókn á hugsanlegum áhrifum brennisteinsvetnis á mosa við Hellisheiðarvirkjun, sem vísindamenn höfðu óttast að væru veruleg. Niðurstöður voru ekki óyggjandi en líkur taldar á að lofttegundin hafi neikvæð áhrif á gamburmosa í allt að 700 metra fjarlægð frá stöðvarhúsinu. Lagt var m.a. til að harðgerari plöntum yrði sáð í svæðið.

Reglubundin viðhaldsverkefni voru umfangsmest framkvæmda í veiturekstrinum á árinu 2009 auk átaksverkefnis í fráveitum á Vesturlandi. Í því felst gerbylting fráveitumála á Akranesi og í Borgarbyggð með byggingu dælustöðva, lagningu safnæða og losunaræða út í hafstrauma auk byggingar lífrænna hreinsistöðva í fjórum þéttbýliskjörnum í uppsveitum Borgarfjarðar. Það er eitt þeirra verkefna þar sem samið var um lengingu framkvæmdatíma og verður verkefninu lokið á árinu 2011.

Framkvæmdir Gagnaveitu Reykjavíkur, dótturfélags OR, báru einnig merki almenns samdráttar og var úr þeim dregið frá fyrri áætlunum. Rekstraráætlanir gengu vel eftir og fjölgaði viðskiptavinum umfram væntingar. Í árslok var ljósleiðaravæðingu helmings heimila í Reykjavík lokið og öll heimili á Seltjarnarnesi, Akranesi, á Hellu og á Hvolsvelli höfðu verið tengd. Alls voru liðlega 28 þúsund heimili tengd í árslok og útlit er fyrir að tengingu allra heimila í höfuðstaðnum ljúki 2014.

Hvað erlenda samvinnu varðar, fól stefnumótun stjórnar í sér breytingu frá fyrri ákvörðunum. Áhersla er á sölu þekkingar í stað fjárfestinga. Þessu var fylgt eftir nú á vordögum með undirritun samstarfsyfirlýsingar við Mitsubishi Heavy Industries. Það er eitt af stærstu iðnfyrirtækjum Japans og samstarfsaðili OR til áratuga. Hugmyndin er þekking MHI á

vélbúnaði og framleiðslu hans auk tengsla við alþjóðlegt fjármálakerfi verði stoð jarðhitaverkefna erlendis á meðan hlutverk OR verður að safna saman þekkingu og reynslu slíkum samstarfsverkefnum til framdráttar. Í því augnamiði hefur OR samið við sjö leiðandi fyrirtæki í jarðhitanýtingu hér á landi sem mynda hina íslensku stoð samstarfsins. Í samstarfi við MHI felst einnig aðkoma Japananna að þróun visthæfra samgangna hér á landi.

Alþingi breytti lagaumhverfi orku- og veitufyrirtækja árið 2008 og hefur síðan verið unnið að skipulagsbreytingum á rekstri OR í því augnamiði að uppfylla ákvæði laganna. Þau kalla m.a. á sjálfstæði dreifingarhluta rekstursins og ákvað nefnd eigenda OR að leggja til að dreifiveiturnar verði sjálfstætt dótturfélag alfarið í eigu OR. Aðskilnaðurinn kallar á breytingar á lögum um OR, sem Alþingi hefur enn ekki afgreitt og hefur afgreiðsla málsins að sama skapi tafist hjá eigendunum. Lögin taka gildi í byrjun árs 2011.

Skipulagsbreytingar innan OR hafa engu að síður gengið eftir. Veitureksturinn var endurskipulagður á árinu 2009 og sköpuð rekstrareining sem er tilbúin til reksturs undir eigin kennitölu og sjálfstæðri stjórn. Í breytingunum felst að þær einingar sem áður tilheyrðu framleiðslu, en alla jafna tilheyra almennum veiturekstri hér á landi, eru sameinaðar veiturekstri OR. Á þetta við framleiðslu á köldu vatni og heitu vatni annars staðar en í virkjunum.

Á heildina litið var 2009 ár aðhalds og umbreytinga hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Efnahagurinn laskaðist verulega við hrun íslenska gjaldmiðilsins og forgangsmál að byggja hann upp að nýju. Eftir stöðugan og mikinn vöxt allt frá stofnun, krafðist hrúnið þess að harkalega væri gripið inn í. Það tókst með samhentunni átaki starfsfólks, stjórnar og stjórnenda. Staða OR er enn býsna þröng þó betur horfi í mörgu tilliti og nauðsynlegt að vinna áfram með sömu þætti að leiðarljósi og á árinu 2009, það er að gæta aðhalds í rekstri og draga úr tjóni vegna hrunsins á sama tíma og staðinn er vörður um grunnþjónustu fyrirtækisins við fólk og fyrirtæki.

Ég vil benda fundinum á að hér eru lagðar fram tvær skýrslur; Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur og Umhverfisskýrsla OR fyrir árið 2009. Þær hafa að geyma ýtarlegar upplýsingar um reksturinn, umfang hans og stöðu. Í ársskýrslunni er m.a. að finna ársreikning fyrirtækisins. Ég vil benda sérstaklega á að Umhverfisskýrslan er sú tíunda í röðinni og var Orkuveitan brautryðjandi hér á landi í útgáfu upplýsinga um umhverfisáhrif rekstursins. Í

skýrslunni í ár er sérstök áhersla á kolefnisspor starfseminnar og í henni er sérstaklega tekið mark af þeirri skerpingu í umhverfismálum OR sem er að finna í hinni nýju heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur.

Gjaldskrár OR breyttust lítið á árinu 2009 og var það í takti við þær línur sem eigendur fyrirtækisins lögðu. Vatns- og fráveitugjaldskrár fylgdu vísitölu en áfram varð raunlækkun á orkuverði. Í árslok 2009 nam raunlækkun á heitu vatni 28% frá ársbyrjun 2005 og samsvarandi lækkun verðs á raforku til almennings, framleiddri af OR, nam 30%.

Það er ljóst í mínum huga að styrkja þarf tekjugrunn Orkuveitunnar. Svo til engar hækkunarir hafa átt sér stað frá árinu 2004, heldur hafa eigendur og notendur notið hagræðingar í lægri gjaldskrá, vegna aukinna umsvifa og hagstæðra lána til framkvæmda. Einnig fylgdi fráfarandi stjórn eftir ströngum fyrirmælum Borgarstjóra sem fylgt var eftir af formanni Borgarráðs, um aðhald í rekstri og hefur það líka orðið til þess að hækkunarþörf er minni en ella. Það á ekki að koma neinum á óvart, sem horft hefur upp á verðhækkunarir annarra orkufyrirtækja, svo sem Landsvirkjunar og Rarik, að OR er ekki eyland í íslensku efnahagslífi. Ekki aðeins hefur veiking krónunnar leikið fyrirtækið illa, heldur búa menn hér enn við mikla verðbólgu og háa innlenda vexti. Aðföng öll fylgja þessari þróun. Það gengur ekki að verð á vörum og þjónustu OR sé þar undanskilið.

Þess vegna lagði ég fram á fundi stjórnar þann 2. júní síðastliðinn svohljóðandi bókun, sem ég óska að verði einnig færð í fundargerð þessa fundar:

Það hefur verið meginviðfangsefni núverandi stjórnar að fást við erfiðleika í rekstri fyrirtækisins í kjölfar hruns íslensks efnahagslífs á árinu 2008. Þegar hrunið átti sér stað hafði fyrirtækið tekið ákvarðanir um nýjar virkjanir og gert skuldbindandi samninga um sölu á orku og kaup á búnaði og þjónustu. Undanfarin ár hefur verið leitað leiða til að hagræða í rekstri og skera niður og fresta fjárfestingum. Mikill árangur hefur náðst af þessum aðgerðum sem hefur þegar skilað sér og mun skila enn frekari árangri til lengri tíma. Á sama tíma hafa gjaldskrár ekki verið hækkaðar.

Í desembermánuði s.l. samþykkti stjórnin samhljóða stefnu stjórnar þar sem gert er ráð fyrir að veiturnar skili ákveðinni heildararðsemi eigna. Verulega skortir á að þessum markmiðum sé náð og þarf gjaldskrá miðlanna að hækka til þess að svo verði.

Þá hefur komið fram að lág arðsemi og óbreytt gjaldskrá stendur fyrirtækinu fyrir þrifum þegar leitað hefur verið eftir nýju lánsfé bæði innanlands og utan.

Stjórnarformaður telur brýnt að ný stjórn fyrirtækisins sem tekur við síðar í þessum mánuði vinni nýja þriggja ára áætlun sem geri ráð fyrir hækkun gjaldskrár til að samþykktum markmiðum stjórnar verði náð á því tímabili. Slík samþykkt er ein af forsendum þess að fyrirtækið geti sótt sér lánsfé til yfirstandandi verkefna og samið um endurfjármögnun eldri lána.

Hækkanir eiga að vera í hóflegar og í áföngum og koma til framkvæmda á fyrirfram tilgreindum dögum og ná yfir 3ja til 5 ára tímabil. Á meðan vextir eru lágir á erlendum lánamörkuðum er hægt að halda gjaldskrá óbreyttri út árið, en lítið má út af bregða. Til þess að ljúka yfirstandandi framkvæmdum þarf OR að semja um lántöku á næstu vikum til þess að geta staðið við gerða samninga á árinu 2011. Þeir lánveitendur sem við hefur verið rætt hafa nær allir sett það skilyrði að OR auki sínar eigin tekjur m.a. með hækkuðum gjaldskrá.

Það er því engin launung á því að eitt fyrsta verkefni nýrrar stjórnar er að ákveða fyrirtækinu gjaldskrá til næstu ára. Í mínum er það ekki spurning um hvort það verður gert, heldur hvenær. Við þurfum að átta okkur á því að orkuverð hér á landi er mjög lágt. Þrátt fyrir að gjaldskrár verði leiðréttar verður það áfram lágt.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu innan stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur fyrir samstarfið. Jafnframt stjórnendum og starfsfólki OR, sem ánægja hefur verið að kynnast og starfa með. Þá óska ég nýrri stjórn velfarnaðar í umfangsmiklum og krefjandi verkefnum framundan.